

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 04 – 2024

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 30. apríl 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, Þórunna Jónsdóttir, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Haukur Þórðarson og Birgir Haraldsson sem var kynntur inn sem nýr fulltrúi í háskólaráði í stað Ingvars Péturs Guðbjörnssonar.

1. **Skipurit – tillögur til umræðu á háskólafundi 13. maí.** Ragnheiður kynnti nokkrar útfærslur á hugmyndum um endurskoðun skipurits sem verða til umræðu á háskólafundi 13. maí. Nokkrar umræður voru um þessar tillögur og fólk sammála um að hafa skipuritið ekki of flókið en þó þannig að öllum mikilvægum hlutverkum sé örugglega sinnt og góðar starfslýsingar liggi til grundvallar.
2. **Gæða- og stefnuráð – til samþykktar.** Tillögur Áslaugar Helgadóttur sem kynntar voru á síðasta fundi voru lagðar fram og samþykktar af háskólaráði.
3. **Gæðahandbók og ýmis gæðaskjöl – til umræðu.** Tillögur voru kynntar og munu verða teknar til afgreiðslu á næsta fundi. Hér undir er fjöldi skjala sem þarf að rýna vel nú á milli funda.
4. **Jarðræktarmiðstöð og gróðurhús – næstu skref eftir fund með ráðherra.** Það liggur fyrir að 600 milljónirnar í fjármálaáætlun (2025-2026) eru nýir peningar, og verkefnið því vel fjármagnað með því ásamt peningum sem háskólaráðuneytið hefur gert ráð fyrir. Ýta þarf á FSRE og ráðuneytin varðandi það að koma framkvæmdum af stað í sumar og vinna gögnin upp í hendur þeirra. Þórarinn Sólmundarson og Ásgeir Runólfsson hjá HVIN eru í samtali við matvælaráðuneytið um þetta.
5. **Ársfundur og háskólafundur – dagskrá.** Ársfundur og háskólafundur eru 13.maí.

Á dagskrá ársfundar er:

- a. Ávarp háskóla, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra – Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
- b. Ársskýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands – Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor
- c. Ársreikningur 2023 – Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri
- d. Það vex sem að er hlúð - Hrefna Jóhannesdóttir, skógarbóndi, Land&Skógur
- e. Landscape Architecture as a Creative Process - Dr. Daniele Stefano, Skipulag & Hönnun
- f. Statistical models for planning the selective breeding against scrapie in sheep – Dr. Jón H. Eiríksson, Ræktun&Fæða
- g. From the coast to the highlands – a story of peatlands and soil – Dr. Susanne Möckel, Náttúra&Skógur
- h. Fundarlok – Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor

Á dagskrá háskólafundar er:

- a. Fulltrúar starfsmanna í háskólaráð 2024-2026 – niðurstöður kosninga
 - b. Skipurit
 - c. Reglur og gæðaskjöl
 - d. Hádegishlé
 - e. Jarðræktarmiðstöð og önnur uppbygging innviða
6. **Orkidea – áframhaldandi samstarf.** Rætt var um framlengingu samnings til þriggja ára. Þetta verkefni hefur gengið vel og aðrir aðilar sem koma að því vilja styrkja það áfram. Samþykkt að framlengja þennan samning fyrir hönd Lbhí. Háskólaráð leggur áherslu á að Orkidea efli samstarf sitt við Lbhí.
7. **Mál til upplýsingar:**
- a. Fæðuklasi: - Ingibjörg Davíðsdóttir stofnaði Fæðuklasa á landsvísu sem hefur dálítið svipað hlutverk og Gleipnir. Leitað hefur verið eftir stuðningi Lbhí við Fæðuklasann og var samþykkt að lýsa yfir slíkum stuðningi sem felur þó ekki í sér neinar fjárhagsskuldbindingar.
 - b. Matís. Vilja gera samstarfssamning við Lbhí, samþykkt var að gera það.

Fundi slitið kl. 14.35